



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

116. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 18. desember 1986 í bóknámshúsi F.S.

Mættir voru: Guðmundur Björnsson, formaður, Hjálmar Árnason, skólameistari, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Hilmar Þ. Hilmarsson, Ingimundur Þ. Guðnason, fulltrúi kennara Þór Stefánsson og fulltrúi nemenda Guðmundur Karl Brynjarsson.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn kl. 17:15.

1. Húsnæðismál.

Formaður greindi frá því að samningur um viðbyggingu við bóknámshús Fjölbrautaskóla Suðurnesja hefði verið staðfestur af mennta- og fjármálaráðherra. Samningurinn var kynntur með áorðnum breytingum. Fram kom þakklæti skólanefndarmanna til þeirra þingmanna sem unnu að því að gera samninginn að veruleika. Rætt var um fjáröflunarleiðir til þess að flýta greiðslum til væntanlegra verktaka sem sjá myndu um viðbygginguna. Stjórn skólanefndar var falið að fara yfir þá valkosti sem til greina koma og skila álitum til skólanefndar.

2. Brautskráning.

Skólameistari skýrði frá væntalegri brautskráningu í lok haustannar, en hún fer fram í Keflavíkukirkju laugardaginn 20. des. n.k. kl. 14.

3. Önnur mál.

a) Formaður gerði grein fyrir bréfi sem borist hefur frá nýskipaðri launanefnd SSS þar sem fram kemur að launanefndin mun taka við samningsgerð stofnana SSS frá áramótum.

b) Borist hefur bréf frá bæjarritaranum í Keflavík varðandi fjárhagsáætlun fyrir 1987, 1988 og 1989. Stjórnin vísar til 7.gr. samþykktar SSS um samræmingu á fjárhagsáætlunum sameiginlega rekinna fyrirtækja og mun stjórnin senda fjárhagsáætlanir sínar til fjárhagsráðs SSS.

c) Skólameistari greindi frá fundum sínum með fjárhagsráði SSS vegna fjárhagsáætlunar fyrir 1987. Nokkrar umræður hafa orðið um fjárveitingu til stofnbúnaðar, en vegna langvarandi fjársveltis ríkisins er skortur á kennslubúnaði farinn að hamlá starfi skólans alvarlega. Vegna þessa máls var samþykkt að senda svohljóðandi bréf til stjórnar SSS:

"Fundur í skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja, haldinn 18. desember 1986, varar eindregið við frekari niðurskurði á fjárveitingum til tækjakaupa að skólanum.

Langvarandi fjársveldi frá hendi ríkisins hefur dregið úr eðlilegri uppbyggingu og endurnýjun á tækjabúnaði skólans, einkum í iðnfræðslunni. Skólanefnd fer þess eindregið á leit við sveitastjórnir að þær taki ekki upp sömu stefnu og ríkisvaldið og stefni með því skólastarfinu í alvarlega hættu."

d) Skólameistari sýndi yfirlit yfir nemendafjölda og kennslumagn í framhaldsskólum og skýrði stöðu F.S. í samanburði við aðra skóla.

e) Skólameistari greindi frá vöntalegum fundi með félagi meistara og sveina þar sem ræddar yrðu tillögur um að einfalda leiðir að sveinsprófi þannig að allir sitji við sama borð hvað það nám varðar.

f) Samþykkt var að senda svohljóðandi bréf til framhaldsskólanefndar vegna iðnfræðslu:

"Fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja, haldinn 18. des. 1986, hvetur eindregið til þess að iðnfræðsluskólum verði áfram falin kennsla í meistarafræðslu iðnaðarmanna enda með þeim hætti tryggð hnitmiðaðri og betri þjónusta við iðnaðarmenn í landinu öllu.

g) Lögum og reglugerðum um grunn- og framhaldsskóla dreift til skólanefndarmanna.

h) Selfossferð: Ákveðið var að skólanefnd þægi boð Fjölbrautaskólans á Suðurlandi um að skoða húsnæði skólans þann 29. des. n.k.

Formaður þakkaði góða fundarsetu og sleit síðan fundi.

(Í fundargerð skólanefndar sem haldinn var þann 5. nóv. s.l. misritaðist að hann væri 113. fundur nefndarinnar. Fundurinn var hins vegar 114. fundur nefndarinnar og leiðréttist það hér með.)



Guðmundur Björnsson,
formaður.



Hilmar Þ. Hilmarsson,
fundarritari.